



Kennsluáætlun fyrir vor 2026

Námsgrein: Danska

Árgangur: 5. – 7. bekkur

Kennari: Sigríður Vigdís Þórðardóttir

Netfang: siggavigga@klaustur.is

Almennt:

Nemendur 5. – 7. bekkjar fá 3 x 40 mín. kennslustundir á viku í dönsku. Þar sem um er að ræða samkenndu þriggja árganga þá eru nemendur ýmist í bókunum START eða SMART. Mismunandi kennsluáðferðum er beitt til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp.

Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og að val á námsefni/námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Helstu markmið:

Markmið kennslu hverju sinni er að efla og vinna með helstu færniþætti tungumálsins, sem eru eftirfarandi: Hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, menningarläsi og námshæfni. Unnið er að því markvisst hverju sinni að nemandinn þjálfist í þessum færniþáttum.

Hlekkur á aðalnámskrá: <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafla-20-erlend-tungumal-2024>

Námsgögn:

- START lesbók, vinnuhefti og hlustunaræfingar
- SMART lesbók, vinnuhefti og hlustunaræfingar
- Ýmis spil og leikir s.s. Kahoot
- Þættir með dönsku tali og texta af dr.dk
- Verkefni frá kennara

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Tenging við hæfniviðmið á 1. stigi
Janúar	Tøj og farve	START lesbók bls. 12-17 vinnubók bls. 20-30	Hlustun og áhorf - Getur skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim, fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglinga, hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu. Lestur og lesskilningur - Getur fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu, skilið megininntak einfaldra rauntexa með stuðningi ef þarf, lesið stuttar sögur og bækur á einföldu máli sér til ánægju, lesið stutt og auðlesið efni tengt öðrum námsgreinum, lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs. Samskipti - Getur spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst, tekist á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum, tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.
	Dagerne	START lesbók bls. 18 vinnubók bls. 31	
Febrúar	Familien	START lesbók bls. 19-23 vinnubók bls. 32-42	
	De fire årstider	START lesbók bls. 24-25 vinnubók bls. 43-45	
Mars	Hvad er klokken?	START lesbók bls. 26 vinnubók bls. 46-48	Frásögn Getur tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt, undirbúið og flutt einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel, flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa, tjáð sig nokkuð skiljanlega hvað varðar framburð og áherslur.
	En dag i mit liv	START lesbók bls. 27 vinnubók bls. 49-51	
Apríl	Mit hjem	START lesbók bls. 28-34 vinnubók bls. 52-66	
	Byen	START lesbók bls. 36-39 vinnubók bls. 63-67	
	Følelser	START lesbók bls. 40-41 vinnubók bls. 68-73	

Maí	Tyggegummikongen	START lesbók bls. 35 vinnubók bls. 67	Ritun • Getur skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við, byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki, skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans, skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel, samið stutta texta frá eigin brjósti. Menningarläsi • Getur sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins, gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði, sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.
	Fødselsdag	START lesbók bls. 36-40 vinnubók bls. 68-77	
	Fritidsinteresser	SMART lesbók bls. 42-48 vinnubók bls. 74-86	
	Idoler	SMART lesbók bls. 50-51 vinnubók bls. 87-91	
	Rigtige sørøvere	SMART lesbók bls. 52-54 vinnubók bls. 92-95	

Námsmat:

• Hlustun og þátttaka í tímum • Vinna í vinnubók • Áhugi, frumkvæði og framfarir • Samskipti og samvinna • Símat yfir önnina þar sem verkefni og vinna nemenda í kennslustundum eru metin yfir árið.
--

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.